

Kirkjuþing 2021-2022

4. mál - þskj. 4

## T I L L A G A

### til þingsályktunar um heildarstefnu þjóðkirkjunnar.

(Lagt fyrir 62. kirkjuþing 2021-2022).

Flutt af biskupi Íslands.

Frsm. Agnes M. Sigurðardóttir.

Kirkjuþing 2021-2022 samþykkir eftirfarandi heildarstefnu þjóðkirkjunnar:

#### Þjóðkirkjan

#### Heildarstefna

#### Hlutverk

Þjóðkirkjan er salt og ljós íslensks samfélags með því að vera trúarlegur og félagslegur vettvangur fyrir alla samfélagshópa. Grunnstef í boðun þjóðkirkjunnar er fagnaðarerindið um Jesú Krist.

#### Framtíðarsýn

Að þjóðkirkjan sé ávallt þekkt af verkum sínum sem lifandi samfélag kristins fólks með heilnæma lífssýn og leiðandi afl til andlegrar velferðar íslensku þjóðarinnar á grundvelli kristinnar trúar og siðaboðskapar.

#### Grunnstoðir í stefnu

Tilteknar grunnstoðir í stefnu eru forsenda þess að þjóðkirkjan geti á hverjum tíma rækt hlutverk sitt með fullnægjandi hætti og starfað út frá fyrirliggjandi framtíðarsýn og meginmarkmiðum:

- **Samfélagsleg grunnstoð** sem birtist í því að þjóðkirkjan er virkur þátttakandi í samfélaginu, leiðandi afl til andlegrar velferðar á grundvelli kristinnar trúar, lýðræðis og jafnréttis, og sýnileg með ímynd trausts og ábyrgðar.

- **Opinn og aðlaðandi vettvangur** sem grundvallast á því að þjóðkirkjan sé trúarlegt og félagslegt samfélag fyrir allt fólk, veiti mikilvæga kærleikþjónustu sem nýtur virðingar og trausts og einkennist af umburðarlyndi og víðsýni
- **Öflugt starf á öllum sviðum** sem einkennist af lýðræði, jafnrétti, valdeflingu og ábyrgð út frá skýrum markmiðum, skilvirkri og viðeigandi þjónustu við safnaðarstarf og stöðugri þróun í takt við breytingar í íslensku samfélagi.
- **Traustir innviðir** sem eru grundvöllur starfsemi og þjónustu og byggja á einfaldri og skilvirkri stjórnsýslu, traustum rekstri og fjárhag og mannauði sem nýtir möguleika sína til fulls í hvetjandi og lýðræðislegu starfsumhverfi þar sem jafnrétti er í hávegum haft.

Þessum grunnstöðum tengjast tilteknir árangursþættir sem fram koma í stefnuramma og kirkjuþing og stjórnendur miðlægrar starfsemi vakta reglulega á hverjum tíma. Markmið verða skilgreind á grundvelli stefnunnar og lögð fyrir kirkjuþing ásamt áætlun um stefnuáherslur á hverju ári.

## Grunnildi

Í allri starfsemi og þjónustu þjóðkirkjunnar er lögð áhersla á að í starfi þjóðkirkjunnar birtist í verki þau grunnildi kirkjunnar að vera ávallt

BIÐJANDI, BOÐANDI OG ÞJÓNANDI

## Greinargerð.

Eins og segir í inngangi þess stefnuskjals sem hér er lagt fram, byggir það á stefnumótunarfundi breiðs hóps þjóðkirkjufólks sem haldinn var 6. febrúar sl. Samantekt þeirrar umræðu hefur verið kynnt víða. Sá texti sem hér er gerð tillaga um að lýsi heildarstefnu þjóðkirkjunnar er unnin upp úr þeirri samantekt og lagður fram af stýrihópi stefnumótunar þjóðkirkjunnar.

Tilgangur með formlegri samþykkt kirkjuþings á heildarstefnu er að fyrir liggi skýr sýn þingsins á þær megináherslur sem eiga að móta starfsemi þjóðkirkjunnar til framtíðar. Með því þjónar heildarstefna sem einskonar leiðarstef allra þeirra sem koma að því að móta starfið og þróa áfram. Auk þess skapar það grundvöll þess að einstök verkefni og áherslur hvort sem er miðlægt eða í sóknnum geti tengst einni stefnu og sýn sem sameinar viðleitni þessara aðila til þess að treysta stöðu kirkjunnar í síbreytilegu umhverfi.

Eðlilegt er að gera ráð fyrir því, að með þeim breytingum sem orðið hafa á lagaumhverfi þjóðkirkjunnar og um leið breyttu hlutverki kirkjuþings, muni í vaxandi mæli verða byggt á áætlanagerð með skírskotun til langtímastefnu og markmiða. Með þeim breytingum sem átt hafa sér stað á undanförnum fáum árum, færist allur rekstur og starfsmannahald til þjóðkirkjunnar. Forgangsröðun í starfseminni og áætlun um hvernig verja skuli rekstrarfé hverju sinni felur eðlilega í sér margvíslegar áskoranir. Þess vegna er heildarstefna mikilvæg til þess að hægt sé að ræða þau mál út frá sameiginlegri sýn og markmiðum og tryggja að heildarhagsmunir í starfsemi þjóðkirkjunnar ráði för svo sem kostur er.

Þannig þjónar heildarstefna tilgangi einskunar sáttmála um áherslur og forgang. Eins og áður segir sameinar hún um leið viðleitni einstakra aðila að sameiginlegu takmarki, í því víðfeðma og fjölbreytta umhverfi sem starfsemi þjóðkirkjunnar er. Eðli málsins samkvæmt, er hér um skjal að ræða sem setur fram stóru línurnar í hlutverki og stefnu kirkjunnar. Ekki er farið í einstök smáatriði, þar sem þau munu koma fram í árlegum áætlunum og fyrirætlunum um ráðstafanir og breytingar í takt við tímann. Vafalítið munu verða tilefni til mismunandi túlkunar og skilnings á áherslum, en slík umræða er nauðsynleg til þess að skerpa línur og tryggja að stefnan verði lifandi plagg sem kallar á málefnalega umræðu og þróun eftir því sem aðstæður krefjast.

Heildarstefna í því formi sem hér er lagt fram vísar til langs tíma og ekki gert ráð fyrir að meginatriði hennar taki breytingum frá ári til árs, að öðru leyti en minniháttar aðlögun og hugsanlegum áherslubreytingum ef aðstæður breytast í verulegum atriðum. Hins vegar er gert ráð fyrir því að á grundvelli þessarar stefnu verði mótuð markmið til tiltekins tíma um árangur á einstökum sviðum starfseminnar. Eðlilegt er að gera ráð fyrir að slík markmiðasetning muni fara fram að samþykkttri heildarstefnunnar.

Eins og áður segir, er síðan gert ráð fyrir að a.m.k. árlega verði skilgreind áfangamarkmið og stefnumiðuð verkefni sem tengjast þeim og endurspeglast í áætlunum bæði miðlægrar starfsemi þjóðkirkjunnar svo og sókna eftir því sem þær móta stefnu og áætlanir í samræmi við aðstæður í hverri sókn.